

Laxar Fiskeldi ehf.  
Hlíðasmára 4  
201 Kópavogur

Reykjavík, 5.9.2023  
UST202301-420/G.S.O.  
08.12.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 10. ágúst 2023 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskeldisstöð Laxa, Bakka, þann 7. júní 2023. Þann 4. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikin eru eftirfarandi:**

1. **Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Samkvæmt lið 4.3 í starfsleyfi á að taka sýni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Ekki var tekið sýni eða gerðar mælingar nema einu sinni, þann 22. september 2022. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur ein mæling verið framkvæmd á árinu og er nú fylgst með því hvenær lágmarksvöxtur verður á þessu ári og verða vatnssýni tekin í kjölfarið.**
2. **Gr. 3.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðila er óheimilt að losa meira en kemur fram í gr. 3.4. Sjá umfjöllun í kafla um umfang eftirlits. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður tekið sýni hvern fjórðung ársins þar sem fosfór og TS verður mælt frá fiskimykju og skráð. Þannig fæst betri yfirsýn um hvort að stöðin sé að skila frá sér frárennslisvatni innan þeirra mæligilda sem kröfur segja.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur